

# Skólasystkin í vestursal

Á laugardag var opnuð sýning í vestursal Kjarvalsstaða. Þrjú myndlistarmenn eiga þar verk, Jón Axel Björnsson, Björg Órvar og Valgarður Gunnarsson. Þau eiga það sameiginlegt að hafa verið í 1979 útskriftarárganginum frá Myndlista-

## Myndlist

### Þorsteinn J. Vilhjálmsson

og handíðaskólanum. Þetta er þó ekki eiginleg samsýning – öllu heldur þrjár einkasýningar í einum sal. „Jú, mikil ósköp, við höfum hist eftir að við útskrifuðumst,“ segir Jón Axel, aðspurður um hvort sýningin sé skipulagður endurfundur þeirra þriggja. „Við höfum aftur á móti aldrei sýnt saman áður.“

### Engin skilgreining

DV velti vöngum ásamt Jóni Axel og Björgu Órvar í vestursalnum skömmu áður en sýningin var opnuð á laugardaginn. Valgarður Gunnarsson var í Noregi.

– Hvaða verk sýnið þið hér?

„Öll mín verk eru máluð á þessu ári. Það er eitt ákveðið þema í þeim öllum. Eg kalla þau fyrirboða,“ segir Björg.

– Fyrirboðar hvers?

„Fyrirboðar góðs og ills. Eg hafði í huga þverstæður og samstæður í lífinu. Það var meginhugmyndin sem lá að baki þegar ég byrjaði að vinna þessi verk.“

„Mér finnst ég alltaf vera að mála sömu myndina, í mismunandi útfærslum,“ svarar Jón Axel spurningu.

– Og hvernig er sú mynd?

„Eg veit það varla sjálfur. Einn hvern tímum svaraði ég þessari spurningu á þá leið að ég væri að mála sjálfan mig á röngunni. Hitt er svo annað mál að ef maður gæti gert ríkulega úttekt á sjálfum sér og verkum sínum þyrfti fólk ekki að koma á sýningarnar. Sýning gefur manni ákveðið hlutleysi. Þegar verk er komið á sýningu er maður nokkurn veginn laus við það.“


### Nýja málverkið

„Eg er sammála Jóni hvað varðar nákvæmar útlistanir á eigin verkum,“ segir Björg. „Eg hef lokið mínum þætti. Síðan er komið að áhorfendum. Fólk verður sjálft að vege og meta verkin. Hvað mig sjálfa varðar missi ég ákveðin tengsl við verk um leið og ég lýk við það. Eg vinn heldur ekki eins og Jón, sem glögglega má sjá á sýningunni. Þó við höfum svipað myndlistarlegt uppeldi erum við gerólik.“

– Nú tilheyrir þið bæði hinum svokallaða hópi ungra listamanna.

„Nýja málverkið,“ botnar Jón.

„Þetta var hreyfing í málalari sem kom upp í kringum 1980. Hún hafði ákveðin áhrif í myndlist án þess að allir tækju þau hrá upp.



Jón Axel Björnsson og Björg Órvar í vestursal Kjarvalsstaða.

Hreyfinguna hefur raunar dagað uppi sem slíka,“ bætir Björg við.

„Íslendingar eiga erfitt með að greina á milli áhrifa og kópía,“ heldur Jón áfram. „Menn eru farnir að vinna úr þessum áhrifum, hver á sinn hátt. Helsta breytingin frá því 1983-84 er sú að listamönnum er ekki lengur ætlað að hafa að leiðarljósi einhverjar víðtekknar hugmyndir. Núna gefst tækifæri til að vinna persónulegri verk. Það er enda enginn einn víðtekinn sannleikur í myndlist.“

„Þetta breytist alltaf með tímanum,“ segir Björg. „Nýtt fólk kemur inn með aðrar og nýjar hugmyndir. Kynslóðaskipti kalla á þróun.“

### Mikið af sýningum

Myndlist hefur verið býsna áberandi í þjóðfélaginu að undanfögnu, sérílagi í fjölmiðlum.

„Það er vegna þess hversu auðvelt er að setja upp sýningar,“ svarar Jón, „og gagnrýnendur skrifa um allar sýningar. Eg held að það hljóti að vera slæmt í svona litlu samfélagi.“

„Það er skrifað um allt. Allar sýningar fá ákveðið pláss,“ bætir Björg við. „Með þessu er ég alls ekki að segja að það sé sýnt of mikið af myndlist á Íslandi. Öðru nær. Eg álit hins vegar að það sé í höndum listfræðinga og gagnrýnenda að benda fólk á hvar vaxtarbroddur er til staðar. Það er í þeirra verkahring að vekja athygli á því sem skiptir máli, án þess þó að þeir taki sér vald til að dæma einn úr leik og

annan ekki eftir geðþótta.“

„Já, ég er sammála þessu,“ segir Jón. „Gagnrýnendur eru þeir aðilar sem geta breytt þessu skrýtna ástandi. Erlendis er mun erfiðara fyrir listamenn að koma verkum sínum á framfæri. Þar sjá sýningar-salirnir um að velja verk til sýningar. Í Þýskalandi hafa galleríin til að mynda mjög afmarkaða stefnu. Eitt þeirra tekur til dæmis einvörðungu til sýningar verk ungra listamanna frá Berlín.“

Auðvitað á öll myndlist rétt á sér en hlutverk gagnrýnenda hlýtur að vera að vekja athygli fólks á því athyglisverðasta sem er að gerast í myndlist hverju sinni.“

### Auknar auglýsingar

– En kemur aukin umfjöllun um myndlist ekki listamönnum til góða, almennt?

„Eg held að myndlistarumfjöllun hafi ekki aukist með tilkomu nýrra fjölmiðla. Það sem hefur gerst er að listamennirnir sjálfir eru meira í sviðsljósinu en áður,“ svarar Björg. „Það er auðveldara að selja andlit en að rýna í verkin sjálf.“

Jón tekur í sama streng. „Mér finnst myndlistargagnrýni ekki hafa aukist neitt. Umræðan er mjög yfirborðsleg. Þetta er ekki umfjöllun heldur miklu frekar auglýsing fyrir sýningar. Fleiri fjölmiðlar, fleiri tækifæri til að auglýsa. Fólk er litlu nær um sýningarnar sjálfar. Listamaðurinn á aukin heldur ekkert að hafa með málið að gera. Verkin eru hans niðurstaða.“

„Það þarf kjark til að vinna að myndlist,“ segir Björg ennfremur. „Og það krefst ekki síður hugrekks að horfa á myndlist. Það þarf að hjálpa fólk við það. Við eigum menntað fólk, skólagengið eða sjálfmenntað, sem er fært um slíkt.“

### Saman á sýningu

– Svo við beinum sviðsljósinu frá myndlistinni og að ykkur. Hvers vegna ákváðuð þið þrjú að sýna saman núna?

„Það var eiginlega tilviljun,“ svarar Jón. „Salurinn var pantaður fyrir þrem árum en reyndist alltaf upptekinn þegar til átti að taka. Upphaflega ætlaði Björg að vera með einn sal og Valgaður, Kjartan Ólason og ég ætluðum að að hafa annan saman. Þá hætti Kjartan við en við þrjú smelltum okkur saman á þennan tíma sem okkur bauðst svo óvænt. Þannig atvikaðist það að við þrjú sýnum hér saman þó verk hvers og eins séu afmörkuð og blandist aldrei.“

„Eg hélt að það væri meiri skyldleiki með okkur,“ segir Björg.

„Já, samanburðurinn kom manni á óvart. Við höfðum vitaskuld fylgst hvert með öðru,“ bætir Jón við. „En við höfðum kannski ekki gert okkur grein fyrir hvað við vorum í rauninni að fást við ólíka hluti.“

– Hvað tekur svo við eftir þennan endurfund?

„Þá tókum við upp þráðinn þar sem frá var horfið. Aframhaldandi vinna.“

– ÞJV

**GERIÐ HAGSTÆÐ  
MATARINNKAUP**

**SALTKJÖT**

**299,- kr. kg.**

**LONDON-  
LAMB**

**435,- kr. kg.**

**ÚRBEINADUR  
HANGIFRAM-  
PARTUR**

**435,- kr. kg.**

**FRAMPARTAR**

$\frac{1}{2}$

**239,- kr. kg.**

**HRYGGIR**

**299,- kr. kg.**

**SVIÐ**

**125,- kr. kg.**



**NÓATÚN**

**NÓATÚNI 17-ROFABÆ 39**

17260 17261 ☎ 671200 671220

Arnarflug hefur nú náð þeim langþráða áfanga að flogið er alla daga vikunnar til Evrópu. ■ Við fljúgum fimm sinnum í viku til Amsterdam og tvisvar í viku til Hamborgar. ■ Brottfarir eru þannig settar upp að við lendum á Schiphol flugvelli í Amsterdam á hádegis. ■ Þá er einmitt besti tíminn til að ná tengiflugi áfram, til allra heimshorna. ■ Hjá Arnarflugi færðu farniða hvert sem er í heiminum.

